

Reglur um lengda viðveru í Vesturbyggð

1. gr.

Lengd viðvera er ætluð nemendum í 1. til 4. bekk. Lengd viðvera er starfræktur á skóladögum til kl. 16. Starfsmenn lengdrar viðveru sjá til þess að senda nemendur í tónlistartíma og íþróttatíma. Að öðru leyti eru börnin við frjálsan leik, úti eða inni. Heimanám nemenda er alfarið á ábyrgð foreldra/forráðamanna.

2. gr.

Gjald fyrir hverja dvalarstund er 280 kr. Gjald fyrir síðdegishressingu er 220 kr. Gjald fyrir hádegismat á föstudögum er 590 kr. Greitt er fyrirfram fyrir hvern mánuð og er innheimt með greiðsluseðli. Ekki er endurgreitt vegna fjarvista eða veikinda nema þau vari lengur en eina viku samfellt. Ekki er veittur afsláttur þó nemendur fari t.d. í íþróttatíma eða tónlistartíma á dvalartíma Lengdrar viðveruns. Dvalargjald verður þó aldrei hærra 19 þúsund kr. á mánuði með mat á föstudögum og daglegri hressingu.

3. gr.

Afslættir af dvalargjaldi:

Einstæðir foreldrar og námsmenn 35%

Systkinaafsláttur, 2. barn 50%

Systkinaafsláttur, 3. barn 100%

Afsláttur til námsmanna gildir ef báðir foreldrar eru skráðir í fullt nám og ljúka a.m.k. 75% af fullu námi. Afsláttur reiknast frá því að vottorði um skólavist er lagt fram. Ljúki ekki báðir foreldrar 75% af fullu námi, fellur afsláttur niður. Systkinaafsláttur er á milli leikskóla og lengdrar viðveru. Hæsti afsláttur reiknast af lægsta dvalargjaldinu. Afsláttur reiknast ekki af síðdegishressingu og hádegismat.

4. gr.

Skráning í lengdra viðveru er hjá félagsmálastjóra. Skráning getur verið í 2 eða 3 tíma á dag, 13-15 eða 13-16, samkvæmt 1. gr. og þarf að panta fyrir a.m.k. einn mánuð í senn. Skráning eða afskráning tekur gildi um næstu mánaðamót samkvæmt tilkynningu sem þarf að berast skólaritara fyrir 20. dag mánaðar á undan.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 33. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og var samþykkt í bæjarstjórn Vesturbyggðar 9. desember 2015 og tekur gildi 1. janúar 2016.

Vesturbyggð, 9.nóvember 2016

Ásthildur Sturludóttir